



Fundargerð samgöngunefndar SSA Fundur nr. 2 starfsárið 2015 – 2016

Fundur var haldinn í samgöngunefnd Sambands sveitarfélaga á Austurlandi fimmtudaginn 17. desember 2015, kl. 15:00 í húsakynnum Austurbrúar að Vonarlandi á Egilsstöðum. Mættir voru Gunnlaugur Stefánsson, Einar Már Sigurðarson, Anna Alexandersdóttir, Lárus Heiðarsson, Eyjólfur Sigurðsson, Kári Valtingojer og Vilhjálmur Jónsson. Jakob Sigurðsson var fjarverandi þar sem Vegagerðin hafði ekki þjónustað leiðina til Borgarfjarðar þrátt fyrir að það sé opnunardagur, hann sat fundinn í gegnum síma. Gestir fundarins undir lið 2 voru Páll Baldursson, verkefnisstjóri almenningsamganga í Fjarðabyggð, Freyr Ævarsson, Fljótsdalshéraði og María Hjálmarsdóttir, verkefnisstjóri flugvallarverkefnis hjá Austurbrú.

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykkis.
2. Samgöngur í tengslum við millilandaflug á milli Egilsstaða og London í Bretlandi, eru innviðir ferðaþjónustunnar, m.a. almannasamgöngur, í stakk búnir til að taka á móti flugfarþegum á Egilsstöðum frá útlöndum. PB hóf umræðuna með því að greina frá fyrirliggjandi breytingum í kerfi almenningsamganga sem koma að stærstum hluta til vegna breytinga á vaktakerfi Alcoa. Hluti breytinga gæti þýtt kvöldferð sem gæti hentað flugfarþegum. MH greindi frá því að stærstur hluti flugfarþega sem kæmu með beina leigufluginu væru með bílaleigubíl og ferðaáætlun á vegum Discover the World. Almennungur í Bretlandi getur ekki keypt einvörðungu flugsæti. BB greindi frá samþykkt stjórnar SSA frá 15. desember sl. að fela formanni stjórnar að ræða við bæjarstjóra Fjarðabyggðar um samstarf á sviði almenningsamganga þannig að stjórnun þeirra liggi á einni hendi. FÆ sagði það hafa verið skoðað að samræma áætlanir almenningsamganga á Fljótsdalshéraði við áætlanir SvAust en það hefði verið flókið í framkvæmd þar sem skipulagið á Fljótsdalshéraði miðaðist einkum við skóla og íþróttæfingar. Fram kom á fundinum að full ástæða væri til að efla almenningsamgöngur út frá umhverfissjónarmiðum og hvetja Austfirðinga til að nýta þær enn betur.
3. Önnur mál. Næsti fundur verður 11. febrúar nk. Gestir fundarins verða Hreinn Haraldsson vegamálastjóri og Sigurbergur Björnsson, innanríkisráðuneyti.

Fundi slitið kl. 16.31.